Námsgrein: Náttúru- og samfélagsgreinar 7. bekkur

Kennari: Sigurður Már Vilhjálmsson & Þórdís Ása Guðmundsdóttir

Tímafjöldi á viku: 5 klukkustundir.

Námsefni: Til grundvallar kennslu verða bækurnar Náttúrulega 3, Ég og sjálfsmyndin, Ég og samfélagið, Ég og umhverfið, Evrópa og Sögueyjan. Annað efni / ítarefni fundið til / búið til af kennara.

Kennsluaðferðir og skipulag: Umræður, samvinna nemenda, einstaklingsvinna, verkefnavinna og verkleg kennsla. Í tímum er lögð áhersla á þátttöku, vönduð vinnubrögð og góð samskipti. Kennt er í þemalotum þar sem náttúru- og samfélagsgreinar eru samþættar.

Námsmat: Leiðsagnarnám. Unnin verða ýmis konar verkefni sem reyna á hæfni og leikni nemenda. Hverri lotu lýkur með námsmatsverkefni, sjálfsmati og/eða jafningjamati.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Að nemendur geti lesið í umhverfi sitt og þjálfist í að beita gagnrýnni hugsun.
Sjálfbærni	Að skapa náms- og vinnuumhverfi þar sem nemendur verða samábyrgir.
Heilbrigði og velferð	Að efla sjálfstæði nemenda í vinnu og námi og efla sjálfsmynd nemenda.
Lýðræði og mannréttindi	Að virða rétt allra nemenda og ákvarðanir teknar á lýðræðislegan hátt. Að taka tillit til þarfa einstakra nemenda og ábyrgðar þeirra á náminu.
Jafnrétti	Að hafa jafnrétti nemenda á ólíkum forsendum í fyrirrúmi, þar sem eiginleikar og þarfir hvers og eins eru hafðir að leiðarljósi.
Sköpun	Að nemendur vinni margvísleg verkefni þar sem sköpunarkrafturinn fær að njóta sín. Að skapa tækifæri til að miðla verkum til annarra.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið
Lota 1 **Fjölbreytt flóra**	Náttúrulega 3	- nefnt dæmi um náttúruval og aðlögun - nefnt dæmi um gagn og skaðsemi örvera - sagt frá einkennum helstu hópa dýra - útskýrt helstu einkenni og lífsskilyrði lífvera og tekið dæmi um tengsl þeirra innbyrðis - unnið eftir ferli vísindalegra vinnubragða í stýrðum verkefnum - kynnt niðurstöður rannsókna, útskýrt hvaða vinnubrögðum var beitt og tekið þátt í umræðum um efnið
Lota 2 **Kynþroski og erfðafræði**	Náttúrulega 3 Ég og sjálfsmyndin	- lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna - lýst helstu líffærakerfum mannslíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum - beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og áttað sig á fjölbreytni hinseginleikans - sýnt sjálfum sér og öðrum virðingu, sett sér mörk í samskiptum og lýst því hvernig það er hægt - skilið að lífverur erfa einkenni forfeðra sinna
Lota 3 **Íslandssaga**	Ég og samfélagið Sögueyjan Efni frá kennara	- fjallað um einkenni og þróun íslensks samfélags - fjallað um og greint persónur, atburði, tímabil, tildrög og gang sögunnar - metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð - greint samhengi umhverfis, sögu, menningar og mannlífs í heimabyggð og tengsl við önnur landsvæði - gert sér grein fyrir fjölbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra á ólíkum tímum - gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd þeirra í samfélaginu - sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum

Lota 4 **Sjálfsmyndin og andleg líðan**	Ég og sjálfsmyndin Efni frá kennara	- lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á eigin sjálfsmynd, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu - lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun - lýst staðalmyndum og fordómum í samfélaginu og áhrifum þeirra og áttað sig á skaðsemi þeirra - rætt reglur í samskiptum fólks og tilgang þeirra og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum - gert grein fyrir útgjöldum vegna þarfa, langana og hegðunar einstaklinga og mikilvægi fyrirhyggju í fjármálum - gert grein fyrir eigin áhugasviðum, styrk og áskorunum og hvernig hægt er að vinna með þá þætti á uppbyggilegan hátt
Lota 5 **Orka og auðlindir**	Náttúrulega 3 Ég og umhverfið	- lýst helstu orkuformum og einföldum dæmum um varðveislu orkunnar - rætt dæmi um framleiðslu og nýtingu á orku í daglegu lífi - framkvæmt einfaldar athuganir á rafrásum og útskýrt hvernig rafmagn verður til - lýst eiginleikum segla og notkun þeirra og kannað eiginleika rafhlaðinna hluta - áttað sig á mikilvægi þess að nýta náttúruauðlindir án þess að ganga um of á þær - skýrt hvernig notkun mannsins á auðlindum getur haft margvísleg áhrif á lífsgæði og lífbreytileika - rætt valin dæmi um samspil tækni, þekkingar og framfara og hvernig hugmyndir manna um heiminn hafa breyst með aukinni þekkingu
Lota 6 **Evrópa**	Evrópa, lesbók og vinnubók	- notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga og vinna úr þeim og sett upp einföld kort - lýst hvernig náttúruöfl hafa áhrif á myndun og mótun lands - lýst helstu sérkennum veðurfars við Ísland - varpað ljósi á ólíkar aðstæður, menningu og líf fólks á jörðinni - sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum - lýst í grófum dráttum ferli daglegra neysluvara, uppruna þeirra, flutningi, sölu, nýtingu, förgun, endurvinnslu og kolefnisspori

Lota 7 *(undirbúningur fyrir leikrit)* **Trúarbrögð og forvarnir**	Ég og samfélagið Ég og sjálfsmyndin Efni frá kennara	- dregið fram ólíkan bakgrunn fólks og virt mismunandi trú, lífsgildi, skoðanir og siði - borið saman valin trúarbrögð og lífsviðhorf og áhrif þeirra á líf fólks - rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs - gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims - séð gildi slysavarna og þekkt viðbrögð við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni - gert grein fyrir umferðarreglum og helstu umferðarmerkjum og nýtt í daglegu lífi - gert grein fyrir hlutverki mikilvægra stofnana samfélagsins - áttað sig á hvernig og hvers vegna kostnaður við ýmsa grunnþjónustu er greiddur af sameiginlegum sjóðum samfélagsins
Lota 8 **Hlýnun jarðar og jarðsaga**	Náttúrulega 3 Ég og umhverfið	- útskýrt gróðurhúsaáhrif og tengsl þeirra við loftslagsbreytingar - lýst hvernig náttúruöfl hafa áhrif á myndun og mótun lands - lýst helstu sérkennum náttúruhamfara sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð - skýrt með dæmum mikilvægi náttúruverndar og þess að allir leggi sitt af mörkum - skýrt með dæmum áhrif tækni og mannlegra athafna á samfélag, loftslag og umhverfi - fjallað um hvað sjálfbær þróun felur í sér
Lota 9 **Efni og eðli hlutanna**	Efni frá kennara Náttúrulega 1 og 2, valdir kaflar	- gert grein fyrir efnabreytingum og hamskiptum og útskýrt með dæmum - nefnt dæmi um varðveislu massa og tengt við hversdagslega atburði - þekkt muninn á sýru og basa - fjallað um hugtakið leysni og tengt við athafnir í daglegu lífi - lýst eiginleikum hljóðs og ljóss og ýmsum fyrirbærum með tilliti til hljóðs og lita - rætt um gagnsemi og hættur við helstu bylgjur í nærumhverfinu

ATH: Um er að ræða samþættar námsgreinar. Náttúrugreinar (líffræði, eðlisfræði, efnafræði og jarðvísindi) og samfélagsgreinar (saga, landafræði, trúarbragðafræði, lífsleikni og heimspeki) eru kenndar saman í þemalotum yfir allt skólaárið.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:



Heilsa og vellíðan: Í lotum 2, 4 og 7 fjöllum við um kynþroska og kynheilbrigði, sjálfsmynd og andlega líðan, slysavarnir og forvarnir.



Menntun fyrir öll: Að allir nemendur fái jafnan aðgang að námi og fjölbreytt verkefni þar sem styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín.



Jafnrétti kynjanna: Í lotum 2 og 4 ræðum við kyn, kynhlutverk og staðalmyndir og mikilvægi gagnkvæmrar virðingar.



Sjálfbær orka: Í lotu 5 kynnumst við endurnýjanlegum orkugjöfum á Íslandi og gerum orkuúttekt á skólanum með tillögum að sparnaði.



Aukinn jöfnuður: Í lotum 3, 6 og 7 kynnumst við ólíkum kjörum, menningu og trú fólks, bæði fyrr á tímum og í öðrum löndum.



Ábyrg neysla og framleiðsla: Í lotum 6 og 8 rekjum við ferðalag neysluvara frá uppruna til förgunar og skoðum kolefnisspor okkar.



Aðgerðir í loftslagsmálum: Í lotu 8 lærum við um gróðurhúsaáhrif og loftslagsbreytingar og hrindum í framkvæmd loftslagsaðgerð í skólanum.



Líf á landi: Í lotum 1 og 8 kynnumst við lífríki Íslands, rannsökum smádýr í nærumhverfinu og ræðum náttúruvernd.



Friður og réttlæti: Í lotum 4 og 7 semjum við bekkjarsáttmála og lærum um reglur, lög og hlutverk mikilvægra stofnana samfélagsins.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna:

2. grein, jafnræði: Í lotum 4 og 7 ræðum við fordóma og staðalmyndir og lærum að virða fólk með ólíkan bakgrunn, trú og lífsgildi.

12. grein, réttur til að tjá skoðanir sínar: Nemendur taka þátt í að semja bekkjarsáttmála, rökræða á málþingi og hafa val um efni og form verkefna.

14. grein, hugsana-, samvisku- og trúfrelsi: Í lotu 7 kynnumst við ólíkum trúarbrögðum og lífsviðhorfum og ræðum trúfrelsi.

19. og 24. grein, vernd og heilsa: Í lotum 2, 4 og 7 lærum við að setja mörk, hvert hægt er að leita ef okkur líður illa og hvernig við gætum heilsu okkar og öryggis.

28. og 29. grein, réttur til menntunar: Menntun á að efla virðingu fyrir mannréttindum, ólíkri menningu og náttúrunni, sem fléttast í gegnum allar lotur vetrarins.